



Ísfélag hf.

Kt.: 660169-1219

Heimilisfang [...]

Akureyri, 22.04.2026

Tilv. 2026-01-06-0101

(áður 2025-02-05-0118)

Efni: Ákvörðun um afturköllun vigtunarleyfis. Vigtarbrot. Rofið innsigli. Ólögild vog. Endurvigtun.

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar vigtunarleyfishafann Ísfélag hf., kt. 660169-1219, hér eftir „útgerðin“ eða „málsaðili“. Málið varðaði ætluð brot starfsmanna, eftir atvikum fyrirsvarsmanna félagsins, gegn reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafila nr. 745/2016 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, með því að hafa vegið sjávarafila með ólöggiltri vog, raðnúmer A092974, á starfsstöð málsaðila á Þórshöfn þann 28. janúar 2025. Í bréfi Fiskistofu, dags. 3. júlí 2025, kom fram að Fiskistofa hafi ákveðið að sameina framangreint mál, tilv. 2025-02-05-0118, við annað mál, til. 2025-04-08-0351, er varðaði meint ítrekuð veruleg frávik á íshlutfalli. Fiskistofa taldi að endingu rétt að framangreind mál yrðu afgreidd hvort um sig.

I. Málsatvik

i. 28. janúar 2025. Eftirlit og rannsóknaraðgerðir á starfsstöð málsaðila á Þórshöfn.

Málsatvikum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu, dags. 20. mars 2025, að þann 28. janúar 2025, kl. 12:30, hafi veiðieftirlitsmenn Fiskistofu verið við hefðbundið eftirlit með vigtun sjávarafila á starfsstöð málsaðila á Þórshöfn. Hafi veiðieftirlitsmenn haft eftirlit með endurvigtun á þorski úr fiskiskipinu Sigurbjörgu VE-67, skipaskrárnúmer 3018. Úrtakið hafi verið 18 full kör og tvö slattakör af þorski, samtals 20 kör. Löggiltur vigtarmaður sem annaðist endurvigtunina hafi verið A kt. [...]. Þegar endurvigtunin var langt komin (17 kör búin) hafi veiðieftirlitsmenn athugað með löggildingunni og stöðu hugbúnaðar innsiglis í vogarhaus á voginni sem var notuð (raðnúmer A092974). Við þá skoðun hafi komið í ljós að vogin var löggilt til 28. febrúar 2026 en hugbúnaðar innsigli vogarinnar hafi verið rofið. Samkvæmt löggildingarmiða frá skoðunaraðila á voginni hafi hún átt að vera stillt á „Cal 11/Con 2“. Hins vegar hafi vogin verið stillt á aðra stillingu í vigtarhausnum sem hafi verið „Cal 12/Con 2“. Í skýrslu veiðieftirlitsmanna kemur fram að þegar hugbúnaðar innsigli er rofið verður vogin ólögilt.

Eftir að í ljós kom að innsigli væri rofið hafi veiðieftirlitsmenn framkvæmt hornapróf á voginni. Það hafi farið fram með þeim hætti að eftirlitsmaður stóð á hverju horni fyrir sig til að athuga hvernig vogin vightaði. Hafi vogin við þá prófun sýnt sömu þyngd á öllum hornum en hafi sýnt of litla þyngd að mati eftirlitsmanna, þar sem sá eftirlitsmaður sem hafi stigið á vogina vóg að eigin sögn um 95 kg en vogin sýndi einungis 88 kg. Eftirlitsmenn hafi beðið um að fá að sjá skoðunarvottorð fyrir vogina sem átti í hlut en starfsmenn málsaðila hafi ekki getað framvísað slíku vottorði á staðnum. Eftir þetta hafi 18. karið verið endurvigtað ásamt slattakörum. Ísprósentan úr þessari yfirstöðu hafi verið 6,63% ís. Önnur vog (raðnúmer A080814), sem var

löggilt, hafi þá verið sótt til þess að klára endurvigtanir dagsins, þar sem vog A092974 var ólöggilt. Sú vog var löggilt til 31. júlí 2026 með stillinguna „Cal 22/Con 3“. Hafi veiðieftirlitsmenn gert samanburð á þeirri vog og voginni sem tekin var úr umferð. Hafi sá samanburður farið þannig fram að fjögur kör með afla hafi verið vegin hvert fyrir sig, fyrst á löggiltu voginni (A080814) og svo á þeirri ólöggiltu (A092974). Niðurstaða samanburðar hafi verið sá að fyrsta kar vóg 310 kg. á löggiltu voginni en 289 kg. á ólöggiltu voginni (6,8% minna), 2. kar vóg 310 kg. á þeirri löggiltu en 290 kg. á ólöggiltu voginni (6,5% minna), 3. kar vóg 384 kg. á þeirri löggiltu en 358 kg. á hinni ólöggiltu (6,8% minna) og 4. karið vóg 331 kg. á þeirri löggiltu en 309 kg. á þeirri ólöggiltu (6,6% minna). Hafi þessi samanburður leitt til þeirrar niðurstöðu að hin ólöggilta vog (A092974) sýndi að meðaltali 6,65% lægri þyngd en löggilta vegin sem notuð hafi verið til samanburðar (A080814).

ii. *29. janúar 2025. Rannsóknaraðgerðir Fiskistofu. Haldlagning lögreglu. Endurvigtun á afla frá 28. janúar 2025 endurtekin með löggilttri vog.*

Í skýrslu veiðieftirlitsmanna kemur fram að þeir hafi farið næsta morgun, 29. janúar 2025 kl. 08:30, aftur að starfsstöð málsaðila á Þórshöfn, í því skyni að gera frekari samanburð á ólöggiltu voginni (A092974) og löggiltu voginni (A080814). Hafi sá samanburður verið framkvæmdur með þeim hætti að tómt 660 lítra kar með töppum hafi verið sett á löggiltu vogina og vatn látið renna í karið þar til vegin sýndi 100 kg. Karið hafi svo verið flutt yfir á ólöggiltu vogina og vegið á henni og niðurstöður skráðar. Hafi samanburður milli voga verið prófaður með 100 kg., 200 kg., 300 kg. og 400 kg. Hafi komið í ljós að ólöggilta vegin (A092974) sýndi ávallt lægri tölu en sú löggilta. Við prófun á 100 kg. hafi niðurstaðan verið 93 kg. (7% minna), við prófun á 200 kg. hafi hún verið 186 kg. (7% minna), við prófun á 300 kg. (7% minna) hafi hún verið 279 kg. og við prófun á 400 kg. hafi hún verið 373 kg. (6,8% minna). Hafi þessi samanburður leitt til þeirrar niðurstöðu að hin ólöggilta vog (A092974) sýndi að meðaltali 6,95% lægri þyngd en löggilta vegin sem notuð var til samanburðar (A080814). Eftir niðurstöður prófana hafi veiðieftirlitsmenn, um kl. 10:30, í samráði við deildarstjóra landeftirlits Fiskistofu, óskað eftir aðstoð lögreglu til að tryggja sönnunargögn og haldleggja hina ólöggiltu vog (A092974) svo hægt væri að senda hana til frekari rannsóknar. Lögregla hafi komið á vettvang og haldlagt vogina að beiðni veiðieftirlitsmanna og var hún flutt á lögreglustöð á Þórshöfn (innsigli nr. L0004021). Um kl. 12:30 sama dag hafi veiðieftirlitsmenn haft eftirlit með endurvigtun á ufsa úr Sigurbjörgu VE-67 (3018) og hafi B, kt. [...], framleiðslustjóri málsaðila á Þórshöfn, ákveðið að þeirri endurvigtun lokinni, að endurtaka endurvigtun á þorskafli úr skipinu frá því daginn áður 28. janúar 2025 til að tryggja rétta vigt og rétta ísprósentu fyrir þann afla. Niðurstaða endurvigtunar á þeim afla var sú að ísprósentan var 4,32%, í stað 6,63% eins og áður segir.

iii. *30. janúar 2025. Haldlögð vog flutt frá Þórshöfn til Akureyrar.*

Í skýrslu veiðieftirlitsmanna kemur fram að þann 30. janúar 2025 hafi veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, í samráði við yfirmenn og embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, flutt hina haldlögðu og innsigliðu vog frá lögreglustöð á Þórshöfn til Akureyrar í geymslu á starfsstöð Fiskistofu í Borgum Norðurslóð.

iv. *13. febrúar 2025. Rannsókn á haldlagðri vog hjá faggilttri skoðunarstofu.*

Í skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu kemur fram að ekið hafi verið með hina haldlögðu vog til Akraness til skoðunar hjá Löggilding ehf., sem er faggilt skoðunarstofa með leyfi til löggildinga og prófana á vogum, í umboði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Viðstaddir skoðun starfsmanns skoðunarstofu hafi verið eftirlitsmaður og deildarstjóri landeftirlits Fiskistofu og fulltrúi HMS. Vakthafandi lögregluvarðstjóri við embætti lögreglustjórans á Vesturlandi hafi verið viðstaddur þegar skoðun hófst og lögreglu innsigli



voru rofin. Við þá skoðun hafi komið í ljós að vigtin vigtaði vitlaust og að átt hafði verið við hana og að tengiboxið fyrir kraftnemana hafi ekki verið innsiglað með límmiða. Hafi jafnframt komið í ljós að vogin hafði verið kvörðuð með 7 kg. og var í svokölluðum prófunarham. Samkvæmt skýrslu skoðunaraðila hafi vantað innsigli á tengibox og hafi haus vogar sýnt stillingarnar „Cal 12/Con 2“, en samkvæmt löggildingar límmiða hafi vogin átt að vera stillt á „Cal 11/Con 2“. Í skýrslunni kemur fram að framkvæmd hafi verið prófun á voginni með 20 kg., 500 kg. og 2.500 kg. og hafi niðurstöðurnar sýnt samsvarandi frávik og komu í ljós við prófun eftirlitsmanna 28.-29. janúar 2025. Þegar hin haldlagða vog var prófuð með 20 kg. lóð sýndi hún 18,6 kg. (7% minna). Þegar prófuð voru 500 kg. sýndi vogin 466,7 kg. (6,7% minna) og þegar prófuð voru 2.500 kg. sýndi vogin 2.334,5 kg. (6,6% minna). Hafi þessi prófun skoðunarstofunnar leitt til þeirrar niðurstöðu að hin ólöggilta vog (A092974) sýndi að meðaltali 6,77% lægri þyngd en raunþyngd prófunarlóða. Eftir skoðunina hafi vogin verið flutt til Hafnarfjarðar í geymslu hjá Fiskistofu.

v. 4. mars 2025. *Rannsókn hjá framleiðanda vogarinnar, JBT Marel.*

Í skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu kemur fram að ekið hafi verið með hina haldlögðu vog til JBT Marel, framleiðanda vogarinnar, til rannsóknar þann 4. mars 2025 kl. 13:00. Þar hafi hún verið skoðuð í þaula af sérfræðingum framleiðanda. Viðstaddir skoðun sérfræðinga JBT Marel voru á ný deildarstjóri landeftirlits Fiskistofu og fulltrúi HMS. Við rannsókn framleiðanda hafi tengibox fyrir kraftnema, sem var ekki innsiglað með límmiða, verið opnað og skoðað. Það hafi verið fullt af vaselíni og greinilega ekki búið að eiga við það, en til að losa vaselín úr tengiboxinu þarf að hita það í um 20 gráður. Í vogarhausnum hafi mátt sjá að slökkt var á alibi minninu en það er ekki krafa um að kveikt sé á því. Þá hafi einnig komið í ljós að vogin var stillt á „extra resolution“ kvörðunarham og kvörðun vogar stillt á 7 kg. (engin lóð sem notuð eru til löggildinga og prófana á vogum eru 7 kg.). Vogin hafi með réttu átt að vera kvörðuð á að lágmarki 1000 kg. Að sögn sérfræðinga JBT Marel hafi CAL innsiglið breyst þegar kvörðunarþyngd vogarinnar hafi verið breytt og hún sett í extra resolution. Aðspurðir hafi sérfræðingar framleiðanda sagt ekki hægt að sjá hvenær innsigli voru rofin, en þessi tegund vogar bjóði ekki upp á þann möguleika. Ekki væri heldur hægt að sjá með hvaða hætti var átt við vogina sem leiddi til þess að innsiglið rofnaði. Þá væri ekki heldur hægt að sjá stöðuna á stillingum (viðnámi) á kvörðuninni sem var á voginni. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda hafi vogin síðast farið í viðgerð á árinu 2017 hjá JBT Marel, en ekki hafi fundist frekari gögn um viðgerðir á voginni eftir 2017 hjá framleiðanda. Hafi sérfræðingar JBT Marel verið sammála um að átt hafi verið við vogina eftir síðustu löggildingu miðað við stöðu hugbúnaðar innsigla, sem voru rofin.

Á grundvelli gagna málsins, þ.m.t. skýrslu og vitnisburði veiðieftirlitsmanna, og niðurstöðum úr rannsóknnum skoðunaraðila og framleiðanda vogarinnar, hefur Fiskistofa til skoðunar hvort starfsmenn málsaðila, eftir atvikum fyrirsvarsmenn hans, hafi gerst brotlegir, eftir atvikum gerst sekir um tilraun, gegn 6. mgr. 15. sbr. 1. mgr. 56. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 2. mgr. 6. gr. sbr. 17. gr. laga nr. 57/1996 og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 57/1996, með því að hafa endurvegið bolfisk afla með ólöggilttri vog af gerðinni Marel M 2200 (raðnúmer A092974), þann 28. janúar 2025. Verði niðurstaða Fiskistofu sú að vog nr. A092974 verði talin ólöggilt í skilningi laga, tekur stofnunin einnig til skoðunar hvort framangreind vog hafi verið ólöggilt frá því hún var síðast löggilt þann 27. febrúar 2024.

Fiskistofa tekur jafnframt til skoðunar hvort meint brot málsaðila (vigtnarleyfishafa) hafi leitt til þess að afli hafi bersýnilega verið ranglega skráður í skilningi 4. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 á því tímabili, þ.e. ranglega hafi verið skráð 6,77% minna magn en raun aflamagn, af aflamarki skipa félagsins frá 27. febrúar 2024 til 28. janúar 2025. Verði niðurstaða sú að um lögbrot hafi

verið að ræða, og að vog nr. A092974 hafi verið ólögilt og vegið 6,77% of lítið, tekur Fiskistofa til skoðunar hvort stjórnarsýsluviðurlögum yrði beitt gegn vigtunarleyfishafa og samhliða hvort aflaskráning verður leiðrétt (samtals 133.038 kg. af vantöldum afla dregin frá aflamarki hlutaðeigandi skipa).

II. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofu sé heimilt, að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað, að veita einstökum aðilum leyfi til að vigta sjávarafla, enda hafi hann áður verið veginn á hafnarvog (endurvigtunarleyfi), skv. 1. mgr. 6. gr. Í 1. mgr. 12. gr. sömu laga segir að aðili sem stundar viðskipti með afla skuli ganga úr skugga um að afli sem hann tekur við hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla. Í II. kafla reglugerðar nr. 745/2016, sem sett er með stöðum í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996, er nánar fjallað um endurvigtun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996. Þar eru taldar upp þær kröfur sem vigtunarleyfishafi þarf að uppfylla, m.a. til búnaðar til vigtunar og upplýsingar um gerð hans og löggildingar, til að Fiskistofu sé tækt að meta hvort unnt verði að fara í hvívetna að reglum sem gilda um vigtun sjávarafla. Í 6. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar kemur fram að vigtun afla skuli framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar og notuð skal löggilt vog. Í 2. mgr. 2. gr. sömu reglugerðar segir að afli skal skráður til aflamarks á veiðiskip. Í 2. tölul. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar um mælifræðilegt eftirlit með ósjálfvirkum vogum nr. 254/2009 segir að löggilding fellur úr gildi, þrátt fyrir að gildistími sé ekki liðinn, ef innsigli er rofið.

Brot á reglugerð nr. 745/2016 og lögum nr. 57/1996 geta varðað stjórnarsýsluviðurlögum, þ.e. afturköllun leyfis til vigtunar sjávarafla skv. 1. eða 4. mgr. 17. gr. eða skriflegum áminningum skv. 3. sbr. 17. gr. sömu laga vegna fyrsta minniháttar brots sbr. 1. mgr. Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa skuli afturkalla leyfi aðila til vigtunar á sjávarafla, skv. 2. mgr. 6. gr. ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. reglugerðar nr. 745/2016 segir að Fiskistofu sé heimilt að afturkalla vigtunarleyfi vinnslustöðva, fiskmarkaða og annarra aðila sem fengið hafa vigtunarleyfi, sé ekki af þeirra hálfu farið að ákvæðum reglugerðarinnar.

Í 3. mgr. 17. gr. laganna segir að við fyrsta minni háttar brot skuli Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu. Í 4. mgr. sama ákvæðis kemur fram að brjóti aðili sem hefur vigtunarleyfi eða þeir sem í þágu hans starfa gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim þannig að bersýnilega leiði til þess að afli verði ranglega skráður skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hlutaðeigandi aðila. Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað samkvæmt þessari málsgrein skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun, enda geri aðili þá í umsókn um leyfi fullnægjandi grein fyrir hvernig hann hyggst tryggja að framkvæmd vigtunar verði í samræmi við lög og reglur.

Brot á reglugerð nr. 745/2016 og lögum nr. 57/1996 telst fullframið hvort sem það er með refsínæmri athöfn eða athafnaleysi, sem og saknæmum eftirlitsskorti og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabýrgð lögaðila gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, að nánari skilyrðum uppfylltum.



III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 3. júlí 2025, var málsaðili upplýstur um að málið hafi verið tekið til meðferðar og að til rannsóknar væri hvort starfsmenn málsaðila, eftir atvikum fyrirsvarsmenn hans, hafi gerst brotlegir, eftir atvikum gerst sekir um tilraun, gegn 6. mgr. 15. sbr. 1. mgr. 56. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 2. mgr. 6. gr. sbr. 17. gr. laga nr. 57/1996 og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 57/1996, með því að hafa endurvegið bolfisk afla með ólögglitri vog af gerðinni Marel M 2200 (raðnúmer A092974), þann 28. janúar 2025. Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þann 7. október 2025 bárust Fiskistofu athugasemdir frá lögmanni málsaðila.

i. Málsmeðferð Fiskistofu og fyrirhuguð stjórnvaldsákvörðun um viðurlög

Málsaðili gerir verulega fyrirvara við alla málsmeðferð Fiskistofu, þ.á.m. um form og efni hennar, eins og rakið er að neðan. Þá gerir málsaðili sérstakan fyrirvara við alvarlegar fullyrðingar Fiskistofu sem eru að hans mati með öllu ósannaðar og eiga ekki stoð í raunveruleikanum. Í því samhengi vísar málsaðili til mikilvægi þess að ákvarðanir Fiskistofu byggji á *fyrirliggjandi gögnum* máls en ekki getgátum, enda verði áskilnaði stjórnsýslulaga, þ.m.t. rannsóknarreglu ekki fullnægt með öðrum hætti. Telur málsaðili að í erindi Fiskistofu, dags. 3. júlí 2025, hafi ekki verið gætt að meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar og hlutlægni við mat Fiskistofu á fyrirliggjandi gögnum málsins, sérstaklega að teknu tilliti til þess að þau réttindi sem mál þetta varðar njóta verndar mannréttindakafla stjórnarskrárinnar.

Í athugasemdum málsaðila segir að af bréfi Fiskistofu, dags. 3. júlí 2025, megi ráða að rannsókn Fiskistofu sé tvíþætt. Annars vegar hvort starfsmenn málsaðila, eftir atvikum fyrirsvarsmenn hans, hafi gerst brotlegir, eftir atvikum gerst sekir um tilraun, gegn ákvæðum reglugerðar nr. 745/2016 og laga nr. 57/1996, þann 28. janúar 2025 og hins vegar hvort framangreind vog hafi verið ólögglit frá því hún var síðast lögglit þann 27. febrúar 2024. Málsaðili telur rétt að benda á að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að biluð vog hafi verið notuð við endurvigtun frá lok febrúar 2024. Þvert á móti hafi ísprósenta verið eðlileg mestallan tímann. Við skoðanir, sem framkvæmdar hafa verið eftirá, virðist ljóst að það sé ekki fyrr en í nóvember sem ísprósenta virðist óeðlileg og þar til loka janúar. Á grundvelli þess sem nánar er rakið hér að neðan telur málsaðili nauðsynlegt að efna til annarrar rannsóknar vegna máls þessa og þá þannig að fulltrúar Ísfélagsins verði viðstaddir þá rannsókn svo félaginu gefist *raunverulegt færi* á að koma að sjónarmiðum við rannsókn málsins og gætt hagsmuna sinna.

ii. Verulegir annmarkar á formi ákvörðunar

Málsaðili telur að alvarlegir annmarkar séu á stjórnsýslu Fiskistofu og að undirbúningur fyrirhugaðrar ákvörðunar sé ekki í samræmi við gildandi lög, meginreglur stjórnsýsluréttar og vandaða stjórnsýsluhætti. Fyrirhuguð stjórnvaldsákvörðun Fiskistofu telst verulega íþyngjandi fyrir Ísfélagið, auk þess sé deilt um málsatvik, þ.á.m. forsendur fullyrðinga Fiskistofu sem eru ekki alls kostar ljósar. Í því ljósi vísar málsaðili til rannsóknarreglu stjórnsýslulaga sbr. 10. gr. laga nr. 37/1993, en samkvæmt henni hvílir sú skylda á stjórnvaldi að sjá til þess, að eigin frumkvæði, að málsatvik séu nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Hversu nákvæmra upplýsinga stjórnvöldum sé skylt að afla fer eftir atvikum hverju sinni og réttarheimild þeirri, sem ákvörðun byggist á. Hafi það ótvírætt áhrif, samkvæmt stjórnsýslufrumkvæmd, hvort deilt sé um málsatvik sem hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins sem og hversu íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun er fyrir málsaðila. Í fyrirliggjandi máli verði að gera strangar kröfur til rannsóknar Fiskistofu, sbr. t.d. *álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2778/1999*. Að mati málsaðila hafi Fiskistofa, í bréfi stofnunarinnar dags. 3. júlí 2025, gengið út frá sekt Ísfélagsins

og/eða starfsmanna þess við úrlausn málsins og allri rannsókn þess raunar lokið áður en félaginu hafi gefist færi á að koma sjónarmiðum sínum að á meðan rannsókn málsins stóð. Í þessu samhengi vísar málsaðili til þess að félaginu og starfsmönnum þess hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddir við skoðanir á hinni umræddri vog hjá Löggildingu ehf. og JBT Marel. Að mati málsaðila hafi spurningar Fiskistofu til beggja skoðunaraðila verið þess eðlis að aðeins hafi verið reynt að staðfesta þá niðurstöðu sem Fiskistofa hafði þegar komist að, þ.e. „átt hafi verið við vogina“. Að mati málsaðila megi af gögnum málsins ekki ráða að önnur sjónarmið eða aðrir möguleikar á hlutfallslegri skekkju vogarinnar hafi komið til skoðunar. Að mati málsaðila verður mat Fiskistofu vart talið hlutlægt að teknu tilliti til atvika málsins og því fer fjarri að það hafi verið forsvaranlegt. Þessu til rökstuðning vísar málsaðili til þess að sjónarmiðum um hlutlægni hafi verið að engu höfð. Í stjórnvísun sé byggt á sannleiksreglunni rétt eins og við rannsókn sakamála. Rannsókn stjórnvalda eigi þannig að leiða hið sanna og rétta í ljós í hverju máli svo stjórnvaldinu sé tækt að taka efnislega rétta ákvörðun í málinu. Málsaðili bendir á að Fiskistofu beri því að rannsaka málið nægilega til þess að hafið sé yfir allan vafa að saklausir menn verði ekki dæmdir sekir. Að mati málsaðila hafi Fiskistofa ítrekað slengt fram fullyrðingum um að átt hafi verið við vogina, og starfsmönnum félagsins gefið að sök að hafa af ásetningi breytt voginni eða gert tilraun til þess, án nokkurra raunverulegra gagna sem sýna fram á að svo hafi verið. Málsaðili mótmælir alfarið slíkum órökstuddum og ósönnuðum getgátum. Málsaðili segir sig hafa enga hagsmuni af því að hagræða mælingum þegar affli sé vigtaður enda myndi slík háttsemi leiða til stórtjóns fyrir félagið og væri í andstöðu við grunnreglur í starfsemi þess. Enginn starfsmaður málsaðila hafi heldur hagsmuni af því að hagræða mælingum enda myndi slík háttsemi leiða til tafarlauss brottrekstrar. Starfsmenn félagsins á hverri starfsstöð hafi þvert á móti gífulegra hagsmuna að gæta að allur rekstur, þ.m.t. skráning afla, sé í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Málsaðili ítrekar sérstaklega athugasemdir sínar við getgátur Fiskistofu um að „átt hafi verið við vogina“ en eins og málsaðili rakti nánar, og fram kemur hér að neðan, geti umrædd vog sýnt rangar mæliniðurstöður sökum bilunar, halla á undirlagi o.s.frv. Fiskistofu beri að sanna með óbyggjandi hætti þær fullyrðingar sem stofnunin hafi sett fram að „átt hafi verið við vogina“ af starfsmönnum Ísfélagsins. Í þessu sambandi bendir málsaðili á að sömu kröfur, ef ekki meiri, séu gerðar til sönnunar á því að „framangreind vog hafi verið ólöggt frá því hún var síðast löggilt þann 27. febrúar 2024“, enda um verulega íþyngjandi ákvörðun að ræða. Að mati málsaðila sé ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að svo hafi verið, hins vegar sé ekki útilokað að vogin hafi sýnt rangar mæliniðurstöður sökum bilunar. Af undirliggjandi gögnum í máli þessu „þ.m.t. skýrsla og vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, og niðurstaðna úr rannsóknum skoðunaraðila og framleiðanda vogarinnar“ má ekki ráða „að starfsmenn málsaðila, eftir atvikum fyrirsvarsmenn hans, hafi gerst brotlegir, eftir atvikum gerst sekir um tilraun,“ gegn ákvæðum reglugerðar nr. 745/2016 og laga nr. 57/1996.

iii. Annmarkar á efni fyrirhugaðrar ákvörðunar. Óskýrleiki málalíbúnaðar.

Líkt áður greinir hafnar málsaðili með öllu órökstuddum og ósönnuðum fullyrðingum Fiskistofu og telur ásakanir stofnunarinnar ekki í takti við raunveruleikann. Sá gróði sem fengist með þeirri háttsemi sem félaginu sé gefið að sök sé ansi skammur í stóra samhenginu og félaginu ekki til hagsbóta, nema síður sé, eins og rakið hafi verið. Í athugasemdum kemur fram að af erindi Fiskistofu megi ráða að stofnunin átti sig ekki á því hvað hafi gerst fyrir vogina eða þá hvernig unnt sé að breyta voginni með þessum hætti með „rofi á hugbúnaðar innsigli“. Þessi óskýrleiki geri félaginu verulega erfitt um vik að svara fullyrðingum stofnunarinnar. Að sögn málsaðila fór fram innri úttekt og yfirferð gagna málsins. Að hans sögn hafi allir starfsmenn félagsins, sem höfðu aðgang að voginni, staðfest að þeir hefðu ekki breytt stillingum vogarinnar eða „átt við vogina“ að öðru leyti nema að höfðu samráði við JBT Marel (framleiðanda vogarinnar). Þá vísar málsaðili til fundar sem málsaðili hafi átti með framleiðanda vogarinnar í



september 2025, JBT Marel, og samskipta við hann í kjölfarið, sem lýst er undir lið iv. hér að neðan. Að sögn málsaðila hafi JBT Marel í svörum sínum staðfest skilning málsaðila. Að sögn málsaðila taldi JBT Marel að sá möguleiki gæti verið fyrir hendi að 7% skekkja geti myndast án aðkomu starfsmanna Ísfélagsins og af allt öðrum og óljósari ástæðum og geti raunar margir þætti haft áhrif í því sambandi. Að sögn málsaðila hafi í samskiptum hans við JBT Marel komið í ljós að tiltekin atriði voru ekki skoðuð við rannsókn vogarinnar hjá framleiðanda. Nefnir þar málsaðili að „skemmdir á vélbúnaði kynnu til dæmis að geta valdið vigtunarskekkjum“ og taldi málsaðili að þessi möguleiki hafi á engan hátt verið kannaður með fullnægjandi hætti af hálfu Fiskistofu.

iv. Fundur málsaðila með JBT Marel 10. september 2025

Vegna málsins og í ljósi afdráttarlausra fullyrðinga sérfræðinga JBT Marel, eins og þeim var lýst í erindi Fiskistofu, dags. 3. júlí 2025, auk þess sem fulltrúi frá Ísfélaginu var ekki viðstaddur rannsókn á voginni, óskaði málsaðili beinna skýringa frá framleiðanda vogarinnar. Fiskistofa fékk afhent samskipti málsaðila við JBT Marel samhliða athugasemdum Ísfélagsins, sbr. fskj. nr. 1, erindi málsaðila til JBT Marel, dags. 17. september 2025, og fskj. nr. 2, svör JBT Marel til málsaðila, dags. 3. október sama ár.

Í bréfi málsaðila til JBT Marel, dags. 17. september 2025, kemur fram að haldinn hafi verið fundur þann 10. september 2025 með fulltrúum málsaðila og JBT Marel, framleiðanda vogarinnar. Í bréfinu er því lýst sem þar kom fram og óskaði málsaðili eftir staðfestingu JBT Marel á lýsingu fundarins. Að sögn málsaðila hafi verið lögð fyrir sérfræðinga JBT Marel sú spurning hvort hafið væri yfir allan vafa að ekkert annað gæti komið til greina sem gæti hafa gert það að verkum að Cal vogarinnar breyttist og vugin vigtaði 7% lægra, en að þeirra sögn gæti svo verið. Að sögn málsaðila töldu sérfræðingar JBT Marel raunar að þetta tvennt, þ.e. annars vegar Cal vogarinnar og hins vegar 7% skekkjan, geti verið af ótengdum toga. Að sögn málsaðila kváðu sérfræðingar JBT Marel yfir allan vafa hafið að Cal tala vogarinnar breyttist ekki nema með mannlegri aðkomu, hvort sem það sé gert viljandi eða óviljandi, og töldu það hæglega geta gerst án ásetnings eða með þeim hætti sem Fiskistofa gaf í skyn. Engin gögn eða upplýsingar hafi bent til þess að um vísitandi breytingu sé að ræða eða hvaða breytingar hafi verið gerðar sem leiddi til breytingu á Cal tölu. Að sögn sérfræðinga JBT Marel geti Cal tala breyst við fjölda aðgerða í stýrikerfi vogarinnar, þ.á.m. þegar menn séu að „núlla“ vogir, og því alls óljóst hvort að þessi tiltekna breyting hafi ollið 7% skekkju. Þá geti skekkja í mælingum vogarinnar verið af allt öðrum og óljósari ástæðum. Kom fram í máli sérfræðinganna að slík skekkja gæti meðal annars stafað af „míkróskemmdum í load sellum vogarinnar“, örlitlum halla og að jafnvel væri nóg að gúmmið í dekkjum vogarinnar hefðu skemmst eða það hnikast til, auk fleiri atriða. Að sögn málsaðila hafi komið fram á fundinum að rétt væri, að mati sérfræðinga JBT Marel, í ljósi atvika, að frekari rannsókn færi fram á framangreindum atriðum auk annarra.

Í svörum lögmanns JBT Marel, dags. 3. október 2025 (fskj. 2 í athugasemdum málsaðila) hafi hann staðfest að starfsmenn JBT Marel hafi að beiðni Fiskistofu framkvæmt rannsókn á vog sem framleidd var af Marel (Marel M-220 raðnúmer: A092974) þann 4. mars 2025. JBT staðfesti að sú lýsing sem kemur fram undir lið v. í bréfi Fiskistofu, dags. 3. júlí 2025, og fram kemur í málsatvikum, sé rétt hvað varðar framkvæmd og niðurstöðu þeirrar rannsóknar. Hins vegar tók lögmaður JBT Marel fram að í kjölfar rannsóknarinnar hafi fundist frekari gögn sem sýna að vugin kom síðast í viðgerð til JBT Marel árið 2023 en ekki 2017 eins og áður hafði fram komið. Staðfesti lögmaður JBT Marel að forsvarsmenn málsaðila hafi óskað eftir fundi með starfsmönnum JBT Marel til þess að ræða almennt um mögulegar ástæður fyrir villum við vigtun og hvernig breytingar á kvörðun færu fram. Á fundinum var m.a. rétt að skemmdir á



vélbúnaði kynnu t.d. að geta valdið vigtunarskekkjum og eins hafi verið reynt að útskýra hvernig breytingar geta orðið á Cal/Con gildum, stundum kölluð hugbúnaðar innsigli. JBT Marel hafi ítrekað að félagið geti ekki séð hvenær hugbúnaðar innsigli voru rofin í voginni, þ.e. hvenær breytingar voru gerðar á Cal/Con gildum, né heldur með hvaða hætti átt hafi verið við vogina þannig að hugbúnaðar innsigli rofnaði. Að sögn lögmanns JBT Marel geti ýmsar ástæður legið að baki slíku, án þess að taka afstöðu til orsaka eða ábyrgðar og taldi ekki rétt að leggja fram getgátur um það.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Í málinu liggur fyrir að veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, sem voru við eftirlit með vigtun sjávarafla á starfsstöð málsaðila á Þórshöfn þann 28. janúar 2025, urðu þess áskynja að hugbúnaðar innsigli vogar, sem notuð var við endurvigtun á afla, var rofið. Vogin sem er af gerðinni Marel M-2200, raðnúmer A092974, var síðast löggilt þann 27. febrúar 2024. Samkvæmt löggildingarmiða frá skoðunaraðila á voginni átti vogin að vera stillt á „Cal 11/Con 2“ en var vogin stillt á „Cal 12/Con 2“. Eftirlitsmenn óskuðu eftir að fá að sjá skoðunarovottorð fyrir vogina en starfsmenn málsaðila gátu ekki framvísað slíku vottorði á staðnum. Vogin var tekin úr umferð og önnur vog (raðnúmer A080814) sótt og endurvigtunum dagsins lokið með henni. Framkvæmt var hornapróf á voginni (A092974) og sýndi vogin sömu þyngd á öllum hornum. Niðurstaða samanburður á vigtun vogar A092974 og A08014 var að ólöggilta vogin (A092974) sýndi að meðaltali 6,95% lægri þyngd en löggilta vogin (A08014). Þá óskuðu veiðieftirlitsmenn eftir aðstoð lögreglu til að tryggja sönnunargögn og haldleggja hina ólöggiltu vog (A092974) svo hægt væri að senda hana til frekari rannsóknar.

Vogin var færð til frekari rannsóknar, hvort tveggja hjá faggiltri skoðunarstofu með leyfi til löggildinga og prófana á vogum, og hjá framleiðanda vogarinnar JBT Marel. Sýndu niðurstöður skoðunarstofunnar samsvarandi frávík og komu í ljós við prófun eftirlitsmanna 28.-29. janúar 2025, eða að hin ólöggilta vog (A092974) sýndi að meðaltali 6,77% lægri þyngd en raunþyngd prófunarlóða. Staðfest var af báðum aðilum að hugbúnaðar innsigli vogarinnar voru rofin og var vogin kvörðuð með 7 kg. og var í svokölluðum prófunarham. Að sögn framleiðanda hafi vogin með réttu átt að vera kvörðuð á að lágmarki 1.000 kg. Ekki var hægt að sjá hvenær innsigli voru rofin, en umrædd tegund vogar býður ekki upp á þann möguleika. Jafnframt var ekki hægt að sjá með hvaða hætti var átt við vogina sem leiddi til þess að innsiglið rofnaði.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 kemur fram sú meginregla að allur afli skuli veginn á hafnarvog þegar við löndun aflans og við vigtunina skal notuð löggilt vog. Í 2. mgr. kemur fram undantekning frá meginreglunni, sem kveður á um að Fiskistofa geti veitt einstaka aðilum leyfi til að vigta afla enda hafi hann áður verið veginn á hafnarvog (endurvigtunarleyfi). Nánar er svo fjallað um slík vigtunarleyfi í II. kafla reglugerðar nr. 745/2016. Ströng skilyrði eru sett vigtunarleyfishöfum og í 6. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar segir að vigtun afls skuli framkvæmd af löggiltum vigtarmanni og notuð til þess löggilt vog, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996. Hvað varðar innsiglisrof, þá eru vogir innsiglaðar í lok löggildingar og fellur löggilding vogar úr gildi, þrátt fyrir að gildistími sé ekki liðinn, ef innsigli er rofið, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar um mælifræðilegt eftirlit með ósjálfvirkum vogum nr. 254/2009, sem sett er með stöðum í 13. gr. laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006. Sú staðreynd að hugbúnaðar innsigli vogar A092974 hafi verið rofið, og mælitækið verið í notkun á starfsstöð málsaðila við vigtun sjávarafla, leiðir til þess að vogin var ólöggilt í skilningi laga. Af þeim sökum, eins og atvikum er háttað í máli þessu, telur Fiskistofa að um fullframið brot sé að ræða í skilningi 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996, þar sem fram kemur að við vigtun afls skuli notuð *löggilt vog*. Það með hvaða hætti innsigli rofnaði, hvort sem það hafi verið fyrir ásetning eða gáleysi, ræður ekki úrslitum um mat á því hvort um brot



gegn framangreindum reglum sé að ræða. Fiskistofa hafnar því að þörf sé á að skera úr um það með óyggjandi hætti með hvaða hætti „átt hafi verið við“ vogina, líkt og málsaðili heldur fram, enda sé að mati stofnunarinnar ekki um málsatvik að ræða sem hafi verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins. Eins verður talið örðugt ef ekki ómögulegt, að varpa fyllilegu ljósi á það atriði. Hins vegar er að mati Fiskistofu ljóst að innsigli vogarinnar rofnaði vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna málsaðila, og byggir það á því sem fram hefur komið við rannsókn málsins, þ.e. einkum að hafið sé yfir allan vafa að Cal tala vogar, af þeirri gerð sem um ræðir, breytist ekki nema með mannlegri aðkomu. Á málsaðila hvíla ríkar skyldur til að tryggja að mælitæki í notkun uppfylli ávallt reglur sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sbr. 12. gr. laga nr. 91/2006. Að mati Fiskistofu bar málsaðila, og starfsmönnum hans, því að ganga úr skugga um að hugbúnaðarinnsgli vogarinnar væri órofið. Um grundvallar atriði er að ræða, og ber þeim er standa að framkvæmd vigtunar ætíð að ganga úr skugga um að hugbúnaðar innsigli sé órofið áður en vigtun hefst, skv. 1. sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996. Á grundvelli gagna málsins er óljóst hversu langan tíma innsigli vogarinnar var rofið, en vogin var síðast löggilt þann 27. febrúar 2024. Fiskistofa lítur alvarlegum augum á það þegar innsigli eru rofin og getur það gefið vísbendingu um að átt hafi verið við vogina með saknæmum hætti.

Málsbætur og skýringar málsaðila sem raktar hafa verið, leiða ekki til þess að farið sé á svig við grundvallarreglu laga nr. 57/1996 um að við vigtun aflu skuli nota löggilta vog. Fiskistofa hafnar því að alvarlegir annmarkar séu á ákvörðun þessari eða undirbúningi hennar, í andstöðu við meginreglur stjórnvísuluréttar. Að mati Fiskistofu, með vísan til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnvísululaga, telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð, á grundvelli þeirra rannsókna sem þegar hafa farið fram. Af þeim sökum verður Fiskistofa ekki við kröfu málsaðila um aðra rannsókn, þannig að fulltrúar málsaðila yrðu viðstaddir frekari rannsókn á hinni ólöggiltu vog, enda er það mat stofnunarinnar að það sé óþarft. Fiskistofa hafnar því jafnframt að brotið hafi verið gegn sannleiks- og hlutlægnireglum við rannsókn málsins. Til að tryggja hlutlægni og faglega rannsókn, með það að marki að leiða hið sanna og rétta í ljós, svo Fiskistofu yrði tækt að taka efnislega rétta ákvörðun í máli þessu var umrædd vog, að ósk stofnunarinnar haldlögð og innsigliuð af lögreglu á frumstigi málsins. Lögreglumenn voru jafnframt viðstaddir þegar lögreglu innsigli voru rofin, við rannsókn á veginni hjá óháðum sérfræðingi (þriðja aðila), sem leyfi hefur til löggildinga og prófana á vogum í umboði HMS. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna málsins liggur fyrir að hugbúnaðar innsigli voru rofin en um það atriði hefur ekki verið deilt og málsaðili ekki andmælt. Sú staðreynd ein og sér vóg þungt við mat á úrlausn málsins, en ekki með hvaða hætti innsigli rofnaði. Með vísan til málsatvika og eðli brota, brotaskýrslu veiðieftirlitsmanns, rannsóknar Fiskistofu og fyrirbyggjandi gagna málsins, athugasemda málsaðila og alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að framkvæmd á vigtun aflu þann 28. janúar 2025 á starfsstöð málsaðila á Þórshöfn, braut gegn 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/20162 sbr. 1. sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996.

Endurvigtunarleyfishafi, Ísfélag hf., braut gegn 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 1. sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996, með því að tryggja ekki að sú vog sem notuð var við endurvigtun, þann 28. janúar 2025, uppfyllti skilyrði löggildingar.

Fiskistofa skal afturkalla vigtunarleyfi aðila ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa haf brotið gegn ákvæðum III. kafla laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrir en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis, skv. 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996. Í 4. mgr. sama ákvæðis kemur fram að brjóti aðili sem hefur vigtunarleyfi eða þeir sem í þágu hans starfa gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim þannig að

bersýnilega leiði til þess að afli verði ranglega skráður skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hlutaðeigandi aðila. Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað samkvæmt þessari málsgrein skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun, að nánari skilyrðum uppfylltum. Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu, skv. 3. mgr. 17. gr. laganna. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Í máli þessu er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér fjárhagslegan ávinning fyrir málsaðila og/eða tengda aðila, þar sem vog A092974 vóg 6,77% of lítið. Niðurstöður vigtana á framangreindri vog voru grundvöllur endanlegrar aflaskráningar. Sé litið til þeirrar skekkju sem sýnt hefur verið fram á, má ætla að afli sem endurvigtadur var með voginni hjá málsaðila hafi verið vantallinn af aflamarki þeirra skipa. Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu fóru á tímabilinu, frá því vogin var löggilt og þar til málið komst upp, samtals 133.038 kg. af bolfiskafla, úr níu fiskiskipum málsaðila, til endurvigtunar á starfsstöð hans á Þórshöfn. Vog A092974 er ekki eina vogin sem var í notkun á starfsstöð málsaðila á Þórshöfn. Því verður ekki slegið föstu að sú vog hafi verið notuð í öllum vigtunum, enda liggja ekki fyrir upplýsingar um hvaða vogir eru notaðir við hverja vigtun.

Við mat á þeim hagsmunum sem brotið ógnar lítur Fiskistofa til þess að þeir sem hafa leyfi Fiskistofu til endurvigtunar á sjávarafla, eru með leyfisveitingunni treyst til þess að framkvæma, í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, vigtun á sjávarafla sem veiddur er úr auðlind sem er í eigu allra landsmanna. Leyfið er veitt í trausti þess að leyfishafi hagi framkvæmd vigtunar í samræmi við lög og að öll framkvæmd einkennist af því öryggi og festu sem endurspeglir hina ríku almannahagsmuni sem felist í vigtuninni, enda byggist endanleg aflaskráning á henni. Fiskveiðistjórnunarkerfið byggir á því að aflaskráning gefi rétta mynd af því hve mikið er veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og jafnframt til að tryggja að afli tiltekins skips sé innan veiðiheilmilda þess. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskistofna, og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið. Með því að hafa brotið gegn ákvæðum laga og reglna um endurvigtun braut málsaðili það traust sem honum var veitt með endurvigtunarleyfi. Vanræksla og ófullnægjandi starfshættir starfsmanna málsaðila, voru að mati Fiskistofu til þess fallnir að hafa veruleg áhrif á réttmæti skráðra aflaupplýsinga, og ógnuðu þannig framangreindum hagsmunum.

Fyrir liggur í gögnum málsins að vogin var ekki færð í viðgerð eða viðhald hjá JBT Marel, eða öðrum aðila, frá því hún var síðast löggilt. Málsaðili hefur enda ekki borið fyrir sig að viðhald eða viðgerðir af hálfu þriðja aðila hafi orsakað rof á hugbúnaðar innsigli. Því verður að telja loku fyrir það skotið að viðgerð eða annað viðhald hjá framleiðanda vogarinnar, eða öðrum viðgerðaraðila, hafi leitt til innsiglis rofs. Heldur má ætla að rof á hugbúnaðarinnsigli vogarinnar hafi orðið á meðan hún var í umsjá og notkun starfsmanna málsaðila á Þórshöfn, frá því hún var síðast löggilt þann 27. febrúar 2024. Ekki er hægt að fullyrða hversu lengi innsigli var rofið á voginni þar sem umrædd tegund vogar býður ekki upp á þann möguleika. Að sögn málsaðila var vog A092974 notuð á tímabilinu 3. desember 2024 til 26. janúar 2025 (tæpir tveir mánuðir). Fiskistofa byggir því ekki á því í máli þessu að vogin hafi verið ólöggilt frá því hún var síðast löggilt (11 mánuði), þar til málið komst upp þann 28. janúar 2025. Að því sögðu er einungis hægt að byggja á því að vog A092974 hafi verið ólöggilt í allt að tvo mánuði.



Á grundvelli þeirra rannsókna sem framkvæmdar voru á voginni, og sýndu að hún var ranglega stillt og sýndi að meðaltali 6,77% minni þyngd en raunþyngd, má ætla að sá bolfiskafli hefur verið endurvigttaður á henni hafi verið vitlaust veginn og því afli verið vantalin frá aflamarki hlutaðeigandi skipa. Þessi staðreynd, að vogin vóg vitlaust (of lítið) var til þess fallið að vera málsaðila og öðrum til hagsbóta af framangreindri ástæðu, leiðir að mati Fiskistofu til þess að auka verulega á alvarleika brotsins og jafnframt að efnisskilyrði 4. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 sé uppfyllt, þ.e. að *brotið leiddi bersýnilega til þess að afli yrði ranglega skráður*. Hver sem ástæða þess var, sem olli því að vogin vóg of lítið, hvort sem það var vegna aðgerða í stýrikerfi vogarinnar, vegna hugsanlegra skemmda á vélbúnaði eða annarra ástæða sem málsaðili nefndi, hefur ekki þýðingu í máli þessu, heldur sú staðreynd að hugbúnaðar innsigli voru rofin.

Við mat á saknæmisstigi ber að líta til þess hvort vigtarmaður hafi starfað í samræmi við viðurkennda starfshætti við vigtun á grundvelli leyfis til endurvigtunar. Rík ábyrgð hvílir á vigtarmanni og vigtunarleyfishafa, sem ber megin ábyrgð á vigtun sjávarafla og skal tryggja að vogir sem notaðar eru við framkvæmd vigtunar á grundvelli leyfis til endurvigtunar séu löggildar. Strangara saknæmismat lýtur að löggiltum vigtarmanni sem sérfræðingi í ljósi stöðu hans og þekkingar sem vigtarmaður, með starfsréttindi sem slíkur, en gera verður þá kröfu til þeirra að þeir þekki lög og reglur er lúta að vigtun sjávarafla. Í ljósi þess sem að framan er rakið, þó svo ekki sé hægt að slá því föstu hversu lengi vogin var ólöggilt, telur Fiskistofa að málsaðili hafi sýnt af sér vítavert gáleysi með því að hafa ekki fylgst með því og tryggt að vigtin væri löggilt. Því er ekki hægt að meta brot málsaðila sem minniháttar í skilningi laga nr. 57/1996. Það hefur ekki hafa áhrif á mat Fiskistofu hvernig það kom til að innsigli voru rofin. Þó svo brotin megi rekja til vítverðs gáleysis starfsmanna málsaðila, hvíla ríkar skyldur á þeim aðilum sem hafa leyfi til endurvigtunar, þ.á.m. að gæta þess að vogir sem notaðar eru séu löggiltar og var þeirri skyldu ekki sinnt í allt að 11 mánuði, eða hið minnsta í tæpa tvo mánuði, á meðan vogin var í notkun að sögn málsaðila.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 og 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016, eru skýr hvað varðar þá kröfu um að afli sem tekinn er til endurvigtunar sé veginn á löggilttri vog af löggiltum vigtarmanni. Með því að gera kröfu um að löggiltir vigtarmenn framkvæmi vigtun er reynt að tryggja að ákveðin þekking sé til staðar hjá vigtunarleyfishafa sem er m.a. ætlað að tryggja eftirlit með því að vogir uppfylli lagalegar kröfur, m.a. að þær fullnægi skilyrðum um löggildinguna. Málsaðila er sem vigtunarleyfishafa treyst til að annast mjög mikilvægan þátt í fiskveiðistjórnunarkerfinu og því er sanngjarnt og eðlilegt að þær kröfur séu gerðar til leyfishafa að þeir sýni í verki að þeir séu traustsins verðir. Gera verður ríka og raunverulega kröfu um að löggiltur vigtarmaður kanni ávallt og gangi úr skugga um að sú vog sem fyrirhugað er að nota við framkvæmd vigtunar sé löggilt, þ.e. að hugbúnaðar innsigli séu órofin.

Að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotsins, og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af fyrri ákvörðunum stofnunarinnar og úrskurðum æðri stjórnvalda í sambærilegum málum og meðalhófsreglu stjórnsluréttar, er brotið að mati Fiskistofu meiriháttar og þykir rétt að afturkalla endurvigtunarleyfi málsaðila á Þórshöfn. Á grundvelli þess sem að framan er rakið leiddi brot málsaðila bersýnilega til rangskráningar á afla í skilningi 4. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996, þar sem vog A092974 vóg 6,77% of lítið, og því skal vigtunarleyfi málsaðila afturkallað án undanfarandi áminningar. Málsaðila skal samkvæmt framangreindu ákvæði ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun, að nánari skilyrðum uppfylltum. Eins og atvikum máls er háttað telur Fiskistofa ekki forsendur til að leiðrétta aflaskráningu.



Með vísan til 1. sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 afturkallar Fiskistofa hér með leyfi málsaðila, Ísfélag hf., kt. 660169-1219, á Þórshöfn, til endurvigtunar sjávarafla skv. 2. mgr. 6. gr. sömu laga, frá og með 1. júní 2026, fyrir brot gegn 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 1. sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996. Málsaðila skal ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis, skv. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár skv. 19. gr. sömu laga.



Kæruheimild

Ákvörðun um afturköllun endurvigtunarleyfis er kæránleg til atvinnuvegaráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að málsaðila var tilkynnt um ákvörðunina, sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Kæru skal beint til ráðuneytisins, t.a.m. með tölvupósti á netfangið atrn@atrn.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1992.